

Nd.

91. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Pétur Ottesen, Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé í landinu á tímabilinu frá 15. nóv. til 31. janúar.

2. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að framkvæma böðun á öllu því sauðfé, er hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, er um getur í 6. gr.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notuð.

5. gr.

Skylt er hverri hreppsnefnd og bæjarstjórn að sjá um, að æfinlega séu, að dómi baðstjóra, til í hreppnum eða kaupstaðnum nægilega margar sundþrær til

Þess að baða fé í. Kostnað þann, sem af því leiðir að bæta úr því, sem áfátt kann að vera í þessu efni, er lög þessi koma til framkvæmda, greiða fjáreigendur.

6. gr.

Sýslunefndir skipa baðstjóra í hverjum hreppi, einn eða fleiri, og bæjarstjórnir í kaupstöðum. Baðstjóri skipar fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, sem til er tekið í 1. gr., og hefir eftirlit með því, að allir baði, enda ber honum að vera viðstaddur böðunina. Að öðru leyti setur landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari reglur um baðanir, og ber baðstjóra að sjá um, að þeim reglum sé fylgt í öllum greinum. Í reglum þessum má skipa fyrir um, að böðun fari fram sem mest samtímis á þeim svæðum, er fé gengur saman á. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitar- eða bæjar-sjóði.

7. gr.

Nú skipar landbúnaðarráðherra fyrir um baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkv. 1. gr. laga nr. 90 frá 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun tekur til, svo lengi sem þurfa þykir og ráðherra ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum frá 20—2000 krónum, sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóv. 1914, um sauð-fjárbaðanir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og lagði landbúnaðarn. Nd. það til, að frumv. yrði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem yfirstandandi þing hefir afgreitt lög um útrýmingu fjárkláðans, og þar sem í gildi eru lög um þrifabaðanir, þá telur deildin enga þörf á nýrri löggjöf um þetta efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þetta frv. er nú flutt enn á ný í þeirri von, að Alþingi átti sig á því, að nauðsyn ber til þess að skerpa eftirlitið með þrifaböðunum í landinu, meðal annars með tilliti til þess að halda fjárkláðanum í skefjum, en reynslan hefir sýnt, að það er vonlitið um, að lengra verði komið í þessu efni, hvað mörgum tugum þúsunda sem fleygt verður í svo kallaðar útrýmingarbaðanir.

Fjárkláðinn hefir auðsjáanlega magnast, vegna vanrækslu, í ýmsum héruðum að baða árlega og úr nægilega góðu þrifabaði. Þessa vanrækslu eiga hin væntanlegu lög um þrifaböðun að fyrirbyggja.